



# Notkun plöntuvarnarefna og illgresiseyða hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar

## 1. Tilgangur og umfang

Tilgangur verklagsreglunnar er að skýra verklag við mat á þörf og notkun plöntuvarnarefna og illgresiseyða hjá Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar út frá því meginmarkmiði að takmarka notkun umræddra efna við algjör undantekningartilvik þegar ekki er unnt að ná settu markmiði með öðrum leiðum.

## 2. Ábyrgð

Skrifstofustjórar skrifstofu umhverfisgæða og skrifstofu borgarlandsins bera ábyrgð á að farið sé að skráðu verklagi um notkun plöntuvarnarefna og illgresiseyða.

Umhverfisstjóri ber ábyrgð á að taka saman upplýsingar um magn, tegund efna og lýsingu á tilfellum þar sem efnin hafa verið notuð auk skráningar á veittum leyfum.

## 3. Stýring og vöktun

Notkun plöntuvarnarefna og illgresiseyða í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar er óheimil nema því aðeins aðrar leiðir séu ekki færar til að vinna á óværu eða illgresi í borgarlandinu eða á starfstöðvum sviðsins og þá einungis á grundvelli sérstakrar heimildar skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða sem sótt skal um áður en til notkunar kemur.

### 3.1 Skráning efna og heimil efni

Umhverfisstjóri heldur skrá yfir plöntuvarnarefni og illgresiseyða sem í undantekningartilvikum er heimilt að nota í rekstri Umhverfis- og skipulagssviðs. Sé óskað heimildar til að nota önnur efni skal umhverfisstjóri yfirfara umhverfisáhrif nýs efnis og notkun þess háð samþykki skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur skal upplýst þegar ný efni eru færð á lista yfir heimil plöntuvarnarefni og illgresiseyða sem nota má í undantekningartilvikum. Áréttað skal að þó að tiltekið efni sé skráð með þessum hætti skal ávallt leitað heimildar fyrir notkun þess samanber kafla 3.2.

### 3.2 Verklag við notkun efna

Þar sem ekki er talið mögulegt að eyða óværu eða illgresi með öðrum hætti en með efnanotkun skal ávallt leita heimildar skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða áður en plöntuvarnarefni eða illgresiseyðar eru notuð. Notkun efna skal þá skrá skv. verklagi hér neðar. Ef líklegt er að óværa komi upp á skilgreindu tímabili, s.s. þegar ræktun fer fram í gróðurhúsum eða safnreitum Grasagarðsins er heimilt að veita leyfi í tiltekin tíma og þarf þá ekki að sækja um leyfi fyrir hverri úðun falli hún undir viðkomandi leyfi.

Hafi heimild verið veitt þá skal í öllum tilvikum gera nauðsynlegar varúðarráðstafanir þannig að borgarbúar verði ekki útsettir fyrir áhrifum af völdum þeirra efna sem nýtt eru.

Í tilviki garðaúðunar skal meta þörfina á úðun og hættuna á að úðinn berist annað en honum er ætlað og skulu þau atriði sérstaklega tiltekin í umsókn um heimild til notkunar fyrirfram. Við blöndun á efni skal gæta þess að óblandað eða blandað efni (varasöm efni & efnablöndur) berist ekki í niðurföll. Taka skal tillit til nágrennagarða, huga að opnum gluggum, umferð fólks o.þ.h. Sérstaklega skal gæta að því að úðinn berist ekki á matjurtir eða leiktæki barna. Gæta skal að því að blanda ekki meira úðunarefni en þörf er á. Ganga skal þannig frá úðunarbúnaði að lokinni notkun að óviðkomandi komist ekki í snertingu við úðunarefni. Óheimilt er að hella garðaúðunarkva, þynntum eða óþynntum í niðurföll.

Á hverjum verkstað þar sem verið er að úða eitri á grundvelli veittrar heimildar skal sá garðyrkjufræðingur sem sér um eitrun hafa „Notendaleyfi fyrir plöntuverndarvörum“ gefið út af Umhverfisstofnun. Notendaleyfi eru vistuð í forritinu Torginu.



Sé verktaki fengin til úðunar skal stjórnandi starfstöðvar ganga úr skugga um að hann hafi tilskilin réttindi og fylgi framangreindu verklagi í hvívetna.

Þegar sótt er um heimild til notkunar skal ávallt tilgreina markmið notkunar og rökstyðja af hverju aðrar leiðir eru ekki færar og eins til hvaða varúðarráðstafana verði gripið við notkunina.

### **3.3 Skráning notkunar**

Notendur efna skulu skrá hverja notkun plöntuvarnarefna og illgresiseyða í skrá sem umhverfisstjóri heldur yfir notkun efna. Stjórnendur starfstöðva skrá notkun verktaka. Skrá skal tegund efnis, magn, ástæðu notkunar og veitta heimild skrifstofustjóra skrifstofu umhverfisgæða.

### **3.4 Afmörkun og merking svæða**

Svæði sem úðuð hafa verið á grundvelli veittrar heimildar skal merkja samkvæmt leiðbeiningum um merkingar fyrir garðaúðun LEI-0276. Svæði nálægt leiksvæðum barna eða þar sem hættu er talin á að börn komist í snertingu við efni skulu girt af.

### **3.5 Upplýsingagjöf til umhverfis- og skipulagsráðs**

Umhverfisstjóri skal í lok september ár hvert upplýsa umhverfis- og skipulagsráð um notkun plöntuvarnarefna og illgresiseyða síðastliðið ár.